

Loðnuvinnslan hf.
Magnús Ásgrímsson
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Reykjavík, 24.1.2022
UST202102-440/gf
08.10.02

Varðar botnþykktarmælingar á lýsisgeymum nr. L2 og L3 hjá Loðnuvinnslunni hf. á Fáskrúðsfirði

Umhverfisstofnun bárust þann 22. nóvember 2021 upplýsingar um þykktarmælingar á geymum Loðnuvinnslunnar hf. nr. L2 og L3. Geymarnir eru í lekavarnaþró félagsins á Fáskrúðsfirði.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö frá Hamar ehf. á Akureyri. Notaður var Olympus 45 MG 5 mhz mælir, serial nr. 130177407.

Fram kemur í skýrslu Hamar ehf. að gólf og hliðar geymanna eru ómálaðar að innanverðu. Geymarnir eru í góðu ásigkomulagi. Að utanverðu er ástand málningar neðst á búknum að hluta orðið bág.

Meðfylgjandi er skýrsla Hamars ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti**

Virðingarfyllt,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis